Frumvarpið byggist á gildandi lögum og reglum á þessu sviði og í samræmi við ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, fylgir það ákvæðum laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Frumvarpið er því með óbreyttu sniði frá því sem verið hefur frá gildistöku fjárreiðulaganna. Í því felst meðal annars að lagðar eru til breytingar á fjárheimildum til að heimila ráðstöfun á ríkistekjum stofnana sem reynst hafa verið aðrar samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings en áætlað var í fjárlögum og fjárukalögum ársins 2016, og byggjast þessar tillögur á sömu vinnureglum og áður. Sömu viðmið og áður gilda einnig um tillögur þessa frumvarps um niðurfellingar á fjárheimildastöðum í árslok. Eins og jafnan áður við undirbúning lokafjárlaga þá hefur við undirbúning þessa frumvarps verið farið yfir stöðu allra fjárlagaviðfanga og tillögur um flutning eða niðurfellingar gerðar með hliðsjón af málsatvikum samkvæmt tilteknum viðmiðunarreglum. Nánari grein er gerð fyrir þessum reglum hér á eftir í kaflanum: *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*. Einnig hefur verið farið með fagráðuneytum yfir þau tilvik þar sem afgangsheimildir í almennum stofnanarekstri og varanlegum rekstrarverkefnum eru umfram 10% af veltu. Í nokkrum tilvikum eru málsatvik með þeim hætti að ráðuneytin hafa talið nauðsynlegt að yfirfæra afgangsheimildir umfram það hámark til ársins 2017. Sem dæmi um slík tilvik má nefna ef framkvæmd verkefnis hefur frestast yfir áramót eða ef stofnað hefur verið til skuldbindinga, á grundvelli fenginna fjárheimilda, sem ekki hafa verið gjaldfærðar á árinu. Í mörgum tilvikum er um að ræða safnliði og úthlutunarliði þar sem viljrði hafa verið veitt fyrir styrkjum sem ekki hafa verið greiddir út og gjaldfærðir á árinu.

**Talnagrunnur frumvarpsins.** Í fylgiskjali 2 er yfirlit yfir talnagrunn frumvarpsins. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2016 bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni. Þar er um að ræða fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárlög, fjárukalög, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávíka ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilfærð útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og loks fjárheimildastaða í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	16.843,9
Fjárlög .....	695.071,2
Fjáraukalög .....	141.648,5
Millifært .....	0,0
Lokafjárlög .....	1.251,4
Alls heimildir .....	854.815,0
Reikningur .....	868.455,2
<b>Staða í árslok .....</b>	<b>-13.640,2</b>

Taflan hér fyrir ofan sýnir samtölur fyrir uppruna fjárheimilda, reikningsfærð útgjöld og stöðu í árslok samkvæmt fylgiskjali 2. Heildarfjárheimildir til ráðstöfunar á árinu 2016 að meðtöldum fjárheimildum vegna ríkistekjufrávika sem sótt er um í þessu frumvarpi eru 854,8 mia.kr. Reikningsfærð útgjöld í ríkisreikningi eru 868,4 mia.kr. og fjárheimildastaða í árslok er því neikvæð um 13,6 mia.kr.

**Lagagreinar og sundurliðanir.** Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit um breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávika markaðra skatttekna og annarra rekstrartekna stofnana í ríkisreikningi frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Nánari skipting á fjárlagaliði og viðfangsefni er sýnd í sundurliðun 1. Hér er leitað eftir heimild Alþingis til ráðstöfunar á mörkuðum skatttekjum og öðrum rekstrartekjum stofnana til samræmis við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings eða hver metin fjárþörf var við skil ríkissjóðs á þessum tekjum til réttthafa. Slíkar breytingar á fjárheimildum ríkisaðila og ráðstöfun ríkistekna verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og í fjárlögum og fjáraukalögum. Stuðst er við sömu vinnureglur og í fyrri lokafjárlögum um uppgjör fjárheimilda vegna markaðra skatttekna og annarra rekstrartekna stofnana. Byggt er á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögdum tekjum samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjárlaga og fjáraukalaga leiði til jafn mikillar breytingar á fjárheimildum ársins.
2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil tekna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á tekjunum. Sú regla á t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa. Í slíkum tilvikum kann fjárþörf að hafa verið metin meiri eða minni en álagðar tekjur ársins.
3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjárlögum og fjáraukalögum þótt ríkistekjur stofnana hafi orðið meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í

tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað, eða að útgjaldaheimildir eru ákvarðaðar út frá verkefnum án tillits til hugsanlegra breytinga í fjármögnum með ríkistekjum. Þar má t.d. nefna framlög til vegagerðar og annarra stofnkostnaðarverkefna og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar eins og fram kemur í viðskiptahreyfingum á tekju-liðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í 2. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir niðurfelldar fjárheimildastöður eftir ráðuneytum. Nánari skipting niður á fjárlagaliði og viðfangsefni kemur fram í sundurliðun 2 í frumvarpinu og eru umframgjöld sýnd með neikvæðu formerki en afgangsheimildir með engu formerki. Eins og áður er stuðst við þá meginreglu að árslokastaða fjárlagaliðar fellur niður ef útgjöld hans ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum. Dæmi um slíkt eru útgjöld vegna almannatrygginga. Sama gildir um fjárlagaliði þar sem gjöldin ráðast af hagrænum og kerfislægum þáttum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem á sameiginlegum lið fyrir ófyrirséð útgjöld. Einnig er við það miðað að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður, og er þessi afgreiðsla með sama hætti og verið hefur um langt árabil.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárheimildum ársins 2017 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 2016 sem gert er ráð fyrir að falli ekki niður heldur yfirfærast til ársins 2017.

**Staða fjárheimilda í árslok.** Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A–hluta, bæði þeirra sem áttu afgang á fjárheimildum og þeirra þar sem útgjöld voru umfram fjárheimildir. Almennt má segja að staða í árslok í fylgiskjali 2 ásamt dálki yfir framlög í fjáraukalögum gefi til kynna hvernig viðkomandi ráðuneytum og stjórnendum stofnana hefur tekist til við að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis í fjárlögum. Að öðru leyti er vísað til greinargerða í fjáraukalögum og skýringa í ríkisreikningi fyrir árið 2016 um framvindu ríkisfjármála það ár.

Fjárheimildastaða í árslok 2016 er neikvæð um 13,6 mia.kr. eða sem svarar 1,6% af heildarfjárheimildum ársins. Frávik útgjalda frá heimildum á einstökum fjárlagaliðum eru ýmist jákvæð eða neikvæð. Þannig skiptist árslokastaða fjárheimilda í rúmlega 40,3 mia.kr. afgangsheimildir og tæplega 54 mia.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit um stöðu ráðuneyta gagnvart fjárheimildum í árslok. Afgangsheimildir og umframgjöld í tölfunni eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða með neikvæða stöðu í árslok.



Rekstrargrunnur, m.kr.	Afgangsheimildir	Umframgjöld	Staða í árslok
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	386,7	-111,8	274,9
01 Forsætisráðuneyti .....	553,6	0,0	553,6
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	3.563,9	-365,3	3.198,6
03 Utanríkisráðuneyti .....	1.299,4	0,0	1.299,4
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti .....	3.227,9	-135,4	3.092,5
06 Innanríkisráðuneyti .....	3.815,7	-1.006,7	2.809,0
08 Velferðarráðuneyti .....	7.931,3	-2.187,2	5.744,1
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	16.075,9	-49.387,6	-33.311,7
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti .....	3.489,2	-104,2	3.385,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs .....	0,0	-685,6	-685,6
<b>Samtals .....</b>	<b>40.343,6</b>	<b>-53.983,8</b>	<b>-13.640,2</b>

Frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru yfirleitt meiri á stofnkostnaðar- og tilfærslu-liðum og ýmsum óreglulegum liðum fremur en á hefðbundnum rekstrarliðum. Útgjöld þessara liða eru einnig oft lögbundin, kerfislæg eða reikningshaldslegs eðlis og sem ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra á árinu að óbreyttum lögum. Sem dæmi má nefna almannatryggingar, lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna, niðurfærslu eignarhluta og hlutafjár og vaxtagjöld. Leitast er við að endurskoða fjárheimildir þessara liða í fjárukaulögum hvers árs en oft er um að ræða flókið samspil margra áhrifaþátta sem erfitt getur verið að spá fyrir um eða að gjaldfærsla í ríkisreikningi ræðst af ákvörðunum um forsendur reikningshaldslegs uppgjörs eftir að árið er liðið.

Afgangsheimildir í árslok eru mestar 7.907,8 m.kr. á liðnum 09-721 *Fjármagnstekjuskattur*, 5.842,5 m.kr. á liðnum 09-989 *Ófyrirséð útgjöld*, 1.969,9 m.kr. á liðnum 06-651 *Vegagerðin*, 1.311,3 m.kr. á liðnum 14-381 *Ofanflóðasjóður* og 1.307,2 m.kr. á liðnum 08-376 *Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans*. Af samtals 40.343,6 m.kr. afgangshemildum í árslok 2016 standa 18.338,7 m.kr. eða 46% allra afgangshemilda á þessum fimm fjárlagaliðum. Misjafnar ástæður geta verið að baki mikilla afgangshemilda. Í fyrsta lagi þá liggur helsta ástæða hárrar afgangshemildar á gjaldalið fyrir fjármagnstekjuskatt sem ríkissjóður greiðir sjálfum sér í annarri meðhöndlun í ríkisreikningi en í fjárlögum á arðgreiðslum frá Íslandsbanka. Á tekjuhlið fjárlaga og fjárukalaga voru þessar tekjur færðar upp sem arðstekjur ríkissjóðs og 20% fjármagnstekjuskattur færður á móti á gjaldahlið. Í uppgjöri ríkisreiknings voru 95% þessara arðgreiðslna hins vegar færðar sem tekjur af stöðugleika-eignum í samræmi við þann eignarhlut í bankanum sem ríkissjóður fékk fyrr á árinu afhentan sem greiðslu á hluta af stöðugleikaframlagi Glitnis. Í öðru lagi reyndist ekki þörf á að nýta nema tæplega 1,2 mia.kr. af samtals 7 mia.kr. sérstakri fjárheimild fyrir ófyrirséðum útgjöldum, svo sem vegna launabóta umfram forsendur fjárlaga og tjóna og annars kostnaðar af völdum óveðurs og náttúruhamfara. Í þriðja lagi er tæplega 2 mia.kr. afgangshemild í árslok á lið Vegagerðarinnar, þar af 2,5 mia.kr. ónýtt stofnkostnaðarframlög en á móti koma rúmlega 500 m.kr. umframgjöld í rekstri. Í fjórða lagi stendur rúmlega 1,3

mia.kr. uppsöfnuð afgangsheimild á lið Ofanflóðasjóðs vegna minni útgjalda við ofanflóðavarnir en áætlað hefur verið og fjárheimildir veittar til. Og í fimmta lagi er til staðar 1,3 mia.kr. uppsöfnuð afgangsheimild á framkvæmdalið til byggingar sjúkrahúss á lóð Landspítalans.

Útgjöld umfram fjárheimildir eru mest 27.037,4 m.kr. á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* og 21.107,1 m.kr. á liðnum *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár*. Af samtals 53.983,8 m.kr. umframgjöldum í árslok 2016 eru 48.144,5 m.kr. eða 89% allra umframgjalda á þessum tveimur fjárlagaliðum. Þrír næstu liðir með mest umframgjöld eru 685,6 m.kr. á liðnum *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, 683,5 m.kr. á liðnum *08-334 Umboðsmaður skuldara* og 652,6 m.kr. á liðnum *09-711 Afskriftir skattkrafna*, en 93% allra umframgjalda eru á þessum fimm fjárlagaliðum. Misjafnar ástæður liggja að baki útgjöldum umfram fjárheimildir á þessum liðum. Í fyrsta lagi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs í ríkisreikningi við niðurstöður úr tryggingafræðilegu mati á þessum skuldbindingum í árslok. Nýjar skuldbindingar ársins eru gjaldfærðar í rekstrarreikning en hækkun skuldbindinga vegna almennra launabreytinga er færð um endurmatsreikning til lækkunar á eigin fé ríkissjóðs. Fjárheimildir vegna lífeyrisskuldbindinga byggjast á áætlun um breytingu nýrra skuldbindinga á viðkomandi ári en reikningsfærð útgjöld ráðast af niðurstöðu úr tryggingafræðilegum útreikningum á þessum skuldbindingum eftir að árið er liðið og oft er talsverður munur milli áætlunar og niðurstöðu. Í öðru lagi skýrast reikningsfærð útgjöld umfram fjárheimildir vegna niðurfærslu eignarhluta og hlutafjár að mestu leyti af 20,5 mia.kr. niðurfærslu á bókfærðu virði stofnfjár Seðlabanka Íslands í ríkisreikningi vegna tapreksturs bankans á árinu. Því til viðbótar var eignarhlutur ríkissjóðs í nokkrum félögum færður niður með tilliti til eiginfjárstöðu þeirra í árslok 2016 og munaði þar mest um 558 m.kr. niðurfærslu á eignarhlut ríkissjóði í Farice ehf. Í þriðja lagi voru reikningsfærð vaxtagjöld í ríkisreikningi 685,6 m.kr. umfram vaxtagjaldaáætlun fjárlaga og fjáraulalaga. Meðtalið í reikningsfærðum vaxtagjöldum eru einnig áfallnir en ógjaldfallnir og því ógreiddir vextir í árslok. Í fjórða lagi er 683,5 m.kr. uppsafnaður halli á lið umboðsmanns skuldara í árslok 2016. Hallinn rekur sig til þess að í kjölfar niðurstöðu dómsmála þurfti ríkissjóður að endurgreiða háar fjárhæðir á árunum 2015 og 2016 vegna gjaldtöku til umboðsmanns skuldara á árunum 2010 og 2011. Endurgreiðslurnar voru færðar til lækkunar á tekjum umboðsmanns skuldara sem skilar sér í fyrrnefndri hallastöðu. Í fimmta lagi námu gjaldfærðar afskriftir skattkrafna í ríkisreikningi rúmlega 13,6 mia.kr. en við afgreiðslu fjárlaga voru afskriftir skattkrafna áætlaðar 13 mia.kr. Fram kemur í ríkisreikningi að almennt sé miðað við að útistandandi kröfur ríkissjóðs séu yfirfarnar með reglubundnum hætti og þær metnar með tilliti til tapsáhættu.

Hvað annað varðar er vísað til skýringa í ríkisreikningi og í ársskýrslum einstakra stofnana og ríkisaðila um ástæður fyrir uppsöfnun afgangsheimilda eða útgjalda umfram fjárheimildir.

**Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok.** Lög um fjárreiður ríkisins kveða á um að heimilt sé að geyma ónýttar fjárheimildir í lok reikningsárs til næsta árs. Með sama hætti er heimilt að færa umframgjöld í lok árs, þ.e. reikningsfærð gjöld umfram fjárheimildir, til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Tillögur frumvarpsins um ráðstafanir á fjárheimildastöðum einstakra stofnana og verkefna í árslok byggjast á sömu viðmiðunarreglum og unnið hefur verið eftir um langt árabíl, þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru lögbundin eða kerfislæg frekar en að vera á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er sú að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana sem eru innan framangreindra viðmiða er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. framlög til almannatrygginga, fellur hins vegar almennt niður í árslok enda eru þau útgjöld í flestum tilvikum lög- eða samningsbundin og verður ekki stýrt nema með breytingum þar á. Sama gildir um fjárlagaliði þar sem útgjöld ráðast af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna.

Tilgangur með yfirfærslu á fjárheimildastöðum milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður við áramót, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var í fjárlögum þá losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp með framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af fjárveitingum sem til er kominn vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok heldur fluttur yfir á næsta ár, en þó upp að tilteknu hámarki af veltu, og getur þannig nýst til verkefna viðkomandi stofnunar á því ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs. Við ákvörðun um flutning á ónotuðum fjárheimildum milli ára er þó mikilvægt að farið sé vandlega yfir málavexti í hverju tilviki því ekki er tilefni til að yfirfæra afgangsheimildir ef fjárþörf er ekki fyrir hendi eða t.d. þegar afgangur hefur myndast vegna þess að fjárveitingar hafa verið ofáætlaðar eða umfang þjónustu skert. Tillögur um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggjast á eftirfarandi vinnureglum:

## 1. Almennt

- 1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagaliði og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagaliði á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.
- 1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum, t.d. vegna tilfærsluframlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæð-

um laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórn-sýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.

- 1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.
- 1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

## 2. Afgangsheimildir

- 2.1. Afgangsheimild liðar í árslok sem nemur allt að 10% af veltu kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvönn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.
- 2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum, eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.
- 2.3. Afgangsheimild fellur niður ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum.
- 2.4. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

## 3. Umframgjöld

- 3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.2–1.4 eigi fremur við.
- 3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færast milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Eins og áður hefur komið fram eru reikningsfærð útgjöld 13,6 mia.kr. umfram heildarfjárheimildir ársins 2016. Eins og jafnan áður er staða einstakra fjárlagaliða þó mjög mismunandi, afgangur á sumum liðum en halli á öðrum. Gert er ráð fyrir að þessari stöðu verði ráðstafað þannig að 33,5 mia.kr. gjöld umfram heimildir verði felld niður í árslok, sbr. 2. gr. og sundurliðun 2, og að 19,9 mia.kr. jákvæð staða verði flutt til ársins 2017, sbr. fylgiskjal 1, sem svarar 2,6% af gjaldaheimild fjárlaga 2017. Þess má geta til samanburðar að í lokafjárlögum 2015 var 16,8 mia.kr. jákvæð staða flutt til 2016 sem svaraði til 2,3% af gjaldaheimild fjárlaga 2016. Hlutfallslega jákvæðari flutt staða nú skýrist ekki síst af betri stöðu Vegagerðarinnar sem var neikvæð um 234 m.kr. í árslok 2015 en er jákvæð um tæpa 2 mia.kr. í lok árs 2016. Í næstu töflu hér á eftir er samandregið yfirlit um stöðu ráðuneyta gagnvart fjárheimildum í árslok 2016 og tillögur frumvarpsins um ráðstöfun á þessum stöðum. Annars vegar með niðurfellingu í árslok samkvæmt 2. gr. frumvarpsins og nánari skiptingu í sundurliðun 2. Hins vegar með yfirfærslu til ársins 2017 svo sem fram kemur í fylgiskjali 1 með frumvarpinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Staða í árslok	Fellt niður	Flutt til 2017
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	274,9	-36,2	311,1
01 Forsætisráðuneyti .....	553,6	18,8	534,8
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	3.198,6	123,7	3.074,9
03 Utanríkisráðuneyti .....	1.299,4	511,2	788,2
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti .....	3.092,5	73,4	3.019,1
06 Innanríkisráðuneyti .....	2.809,0	-479,0	3.288,0
08 Velferðarráðuneyti .....	5.744,1	2.481,9	3.262,2
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	-33.311,7	-35.509,2	2.197,5
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti .....	3.385,0	5,7	3.379,3
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs .....	-685,6	-685,6	0,0
<b>Samtals .....</b>	<b>-13.640,2</b>	<b>-33.495,3</b>	<b>19.855,1</b>

Fjárheimildastaðan sem gert er ráð fyrir að verði flutt yfir á árið 2017 skiptist í 22 mia.kr. afgangshheimildir og 2,2 mia.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða.

Hæstu afgangshheimildir í árslok 2016 sem gert er ráð fyrir að verði fluttar yfir á árið 2017 eru 1.969,9 m.kr. á fjárlagaliðnum *06-651 Vegagerðin*, 1.311,6 m.kr. á liðnum *14-381 Ofanflóðasjóður*, 1.307,2 m.kr. á liðnum *08-376 Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans*, 1.247,5 m.kr. á liðnum *14-287 Úrvinnslusjóður* og 970,4 m.kr. á liðnum *08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra*. Afgangshheimildir á þessum fimm fjárlagaliðum nema samtals 6,8 mia.kr. eða 31% af heildarfjárhæð allra yfirfærðra afgangshheimilda.

Hæstu umframgjöld sem gert er ráð fyrir að verði flutt til 2017 eru 683,5 m.kr. á fjárlagaliðnum *08-334 Umboðsmaður skuldara*, 120,8 m.kr. á liðnum *09-984 Ríkiseignir*, 85,1 m.kr. á liðnum *08-373 Landspítali*, 77,8 m.kr. á liðnum *08-501 Sjúkraflutningar* og 75,2 m.kr. á liðnum *06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins*. Umframgjöld á þessum fimm fjárlagaliðum nema samtals 1.042,4 m.kr. eða 48% allra yfirfærðra umframgjalda. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er nánara yfirlit um fjárheimildastöður sem gert er ráð fyrir að verði fluttar til ársins 2017.

Fjallað er um niðurfelldar fjárheimildastöður í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins.

**Jöfnun á fjárheimildastöðu viðfangsefna.** Á umliðnum árum hefur nokkuð borið á misvægi í viðfangsefnaskiptingu á árslokastöðu stofnana sem hafa fleiri en eitt viðfang í fjárlögum. Þannig hafa sum viðfangsefni stofnunar verið með mikinn uppsafnaðan halla í árslok en önnur átt verulegan afgang. Ekki er einhlítt hvað hefur valdið þessu misræmi en tvennt virðist helst koma til greina. Að viðfangsefnaskipting fjárheimildar í fjárlögum hafi verið úr takti við rétta viðfangsefnaskiptingu útgjalda í rekstrinum, eða að misbrestur hafi verið á því að reikningsfærðum útgjöldum hafi verið rétt skipt milli viðfanga í bókhaldi stofnunar. Til að fyrirbyggja misræmi af þessu tagi þurfa ráðuneyti og stofnanir að sjá til þess að útgjöldum sé rétt skipt milli viðfangsefna í bókhaldi. Einnig getur þurft að skoða hvort viðfangsefnaskipting fjárlaga endurspeglir rétta viðfangsefnaskiptingu útgjalda.

Í lokafjársögum 2015 var jafnað úr misvægi í árslokastöðu af þessu tagi hjá 14 mismunandi stofnunum. Í þessu frumvarpi til lokafjársögu fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að jafnað verði úr misræmi af þessum toga hjá heilbrigðisstofnunum með millifærslum milli viðfangsefna við flutning á árslokastöðum 2016 yfir á árið 2017. Eftirfarandi tafla sýnir fjárheimildastöður þessara stofnana í árslok 2016, áformaðar millifærslur við flutning yfir áramótin og stöður sem fluttar verða inn á árið 2017.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Staða í árslok 2016	Jöfnun milli viðfanga	Staða yfir- færð til 2017
<b>08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands .....</b>	<b>-33,9</b>	<b>0,0</b>	<b>-33,9</b>
1.01 Heilsugæslusvið .....	308,6	-308,6	0,0
1.11 Sjúkrasvið .....	-345,3	311,4	-33,9
1.21 Hjúkrunarrými .....	2,8	-2,8	0,0
<b>08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða .....</b>	<b>-7,8</b>	<b>0,0</b>	<b>-7,8</b>
1.01 Heilsugæslusvið .....	25,5	-25,5	0,0
1.11 Sjúkrasvið .....	28,3	-28,3	0,0
1.21 Hjúkrunarrými .....	-61,6	53,8	-7,8
<b>08-757 Heilbrigðisstofnun Norðurlands .....</b>	<b>-23,5</b>	<b>0,0</b>	<b>-23,5</b>
1.01 Heilsugæslusvið .....	3,0	-3,0	0,0
1.11 Sjúkrasvið .....	12,8	-12,8	0,0
1.21 Hjúkrunarrými .....	-39,3	15,8	-23,5
<b>08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands .....</b>	<b>23,4</b>	<b>0,0</b>	<b>23,4</b>
1.01 Heilsugæslusvið .....	357,0	-333,6	23,4
1.11 Sjúkrasvið .....	-116,2	116,2	0,0
1.21 Hjúkrunarrými .....	-217,4	217,4	0,0
<b>08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands .....</b>	<b>36,4</b>	<b>0,0</b>	<b>36,4</b>
1.01 Heilsugæslusvið .....	43,4	-43,4	0,0
1.11 Sjúkrasvið .....	68,3	-31,9	36,4
1.21 Hjúkrunarrými .....	-75,3	75,3	0,0
<b>08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja .....</b>	<b>82,3</b>	<b>0,0</b>	<b>82,3</b>
1.01 Heilsugæslusvið .....	-52,0	52,0	0,0
1.11 Sjúkrasvið .....	147,9	-65,6	82,3
1.21 Hjúkrunarrými .....	-13,6	13,6	0,0

Ekki hefur verið tekið tillit til þessara millifærslna við framsetningu talnaefnis í fylgiskjali 1 með frumvarpinu, sem sýnir breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna yfirfærðra afgangshemilda og umframgjalda frá árinu 2016, enda verða þessar millifærslur gerðar í fjárheimildagrunni ársins 2017.

**Nýting lántökuheimilda á árinu 2016.** Í fjárlögum og fjárukaalögum 2016 var ríkissjóði heimilað að taka að láni allt að 90 mia.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt 1. tölulið 5. gr. og endurlána þar af allt að 9,9 mia.kr. samkvæmt 2. tölulið. Afborganir af teknum lánnum voru áætlaðar 273,5 mia.kr. og innheimtar afborganir veittra lána 16,6 mia.kr. Afborganir af teknum lánnum voru samkvæmt því áætlaðar 183,5 mia.kr.

umfram lántökur og innheimtar afborganir af veittum lánum 6,7 mia.kr. umfram nýjar lánveitingar. Í töflunni hér á eftir er samandregið yfirlit um lántökur og lánveitingar ríkissjóðs á árinu 2016.

Rekstrargrunnur, mia.kr.	Fjárlög og fjárlög	Ríkisreikningur	Mismunur
<b>Lántökur</b>			
Skammtímalán, breyting .....	-9,8	-10,4	0,6
Tekin löng lán .....	90,0	76,1	13,9
Afborganir langtímalána .....	-273,5	-246,4	-27,1
<b>Samtals .....</b>	<b>-193,3</b>	<b>-180,7</b>	<b>-12,6</b>
<b>Lánveitingar</b>			
<i>Almennar:</i>			
Veitt ný langtímalán .....	-9,9	-10,0	0,1
Afborganir veittra lána .....	16,6	20,8	-4,2
<b>Samtals almennar .....</b>	<b>6,7</b>	<b>10,8</b>	<b>-4,1</b>
<i>Óreglulegar:</i>			
Yfirteknar kröfur vegna stöðugleikaframlaga .....	0,0	-108,3	108,3
Veitt lán til uppgjors lífeyrisskuldbindinga B- og C-hluta aðila .....	0,0	-9,9	9,9
Afborganir lána úr stöðugleikaframlögum .....	0,0	7,1	-7,1
Framseldar kröfur á LÍN við uppgjör lífeyrisskuldbindinga .....	0,0	62,3	-62,3
<b>Samtals óreglulegar .....</b>	<b>0,0</b>	<b>-48,8</b>	<b>48,8</b>

Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2016 voru afborganir skammtímalána 10,4 mia.kr. umfram nýjar lántökur. Langtímalántökur ríkissjóðs námu samtals 76,1 mia.kr. og afborganir af teknum langtímalánum voru 246,4 mia.kr. Afborganir af teknum lánum umfram nýjar lántökur eru þannig 180,7 mia.kr., eða 12,6 mia.kr. innan áætlunar fjárlaga og fjárlög. Lántökur ríkissjóðs á árinu 2016 voru í heild 14,5 mia.kr. innan heimilda og afborganir af teknum lánum 27,1 mia.kr. innan áætlunar.

Samkvæmt ríkisreikningi námu veitt ný löng lán ríkissjóðs 128,2 mia.kr. á árinu og afborganir 90,2 mia.kr. Meðtalið í þessum tölum eru óreglulegar lánahreyfingar vegna stöðugleikaframlaga og uppgjors á skuldbindingum við A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í tölum um lánveitingar er meðtalið 108,3 mia.kr. kröfusafn sem kom í hlut ríkissjóðs við greiðslu stöðugleikaframlaga og 9,9 mia.kr. lánafyrirgreiðsla til uppgjors á lífeyrisskuldbindingum B- og C-hluta aðila. Í tölum um afborganir veittra lána eru meðtaldar 7,1 mia.kr. afborganir úr stöðugleikaframlögum og 62,3 mia.kr. kröfur á hendur Lánasjóði íslenskra námsmanna sem afhentar voru LSR við uppgjör lífeyrisskuldbindinga.

Að óreglulegum lánahreyfingum frátöldum voru almennar lánveitingar ríkissjóðs 0,1 mia.kr. umfram áætlun fjárlaga. Innheimtar afborganir af veittum lánum námu 20,9 mia.kr. og voru því 4,2 mia.kr. umfram áætlun fjárlaga, einkum vegna meiri innborgana frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar en reiknað hafði verið með. Vísað er til nánari skýringa um lánsfjármál í ríkisreikningi 2016.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 1, eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávíka markaðra skatttekna og annarra rekstrartekna stofnana samkvæmt ríkisreikningi frá áætlun í fjárlögum og fjáraukalögum. Með þessum tillögum er leitað eftir heimild Alþingis til að ráðstafa þessum ríkistekjum til viðkomandi stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjörinu eða hver metin fjárbörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er hér að framan í kaflanum *Lagagreinar og sundurliðanir*. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði af þessum sökum auknar um 1.251,4 m.kr., nettó. Breytingar eru bæði til hækkunar og lækkunar. Hækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða nemur samtals 2.280,9 m.kr. en lækkun á heimildum annarra liða er samtals 1.029,5 m.kr.

Mestu hækkanir á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða vegna ríkistekjufrávika eru í fyrsta lagi 845,6 m.kr. á liðnum *08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður* vegna meiri skila á mörkuðum tekjum til sjóðsins en gert var ráð fyrir í fjárlögum og fjáraukalögum. Í öðru lagi 257,8 m.kr. á liðnum *14-289 Endurvinnslan hf.* vegna meiri tekna af skilgjalddi og umsýslubókunum á einnota drykkjarvöruumbúðir en áætlað var í fjárlögum. Í þriðja lagi 220,1 m.kr. á liðnum *08-854 Fæðingarorlof* vegna meiri fjárþarfar Fæðingarorlofssjóðs en reiknað var með í fjárlögum. Í fjórða lagi 94,9 m.kr. á liðnum *04-818 Búnaðarsjóður* vegna meiri tekna af búnaðargjalddi en áætlað var í fjárlögum. Í fimmta lagi 90,6 m.kr. á liðnum *09-262 Tollstjóri* vegna meiri tekna af tollafgreiðslugjöldum en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Af samtals 2.280,9 m.kr. hækkun á fjárheimildum aðila vegna ríkistekjufrávika eru 1.509 m.kr. eða 66% á þessum fimm fjárlagaliðum.

Mestu lækkunir á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða vegna frávíka ríkistekna eru í fyrsta lagi 609,6 m.kr. á liðnum *08-334 Umboðsmaður skuldara*. Þessi lækkun stafar af því að í kjölfar dóms Hæstaréttar í október 2014 voru tekjur vegna gjaldáranna 2010 og 2011 endurgreiddar og endurgreiðslan færð til lækkunar á tekjum árána 2015 og 2016. Í öðru lagi 161,5 m.kr. á liðnum *08-853 Ábyrgðasjóður launa* vegna minni fjárþarfar sjóðsins en áætlað var í fjárlögum. Í þriðja lagi 86,1 m.kr. á liðnum *04-234 Matvælastofnun* vegna minni tekna af eftirlitsgjöldum stofnunarinnar en áætlað var í fjárlögum. Í fjórða lagi 64,7 m.kr. á liðnum *02-201 Háskóli Íslands* vegna minni tekna af innritunargjöldum en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Í fimmta lagi 26,8 m.kr. á liðnum *08-317 Lyffjastofnun* vegna minni tekna af leyfisgjöldum stofnunarinnar en áætlað var í fjárlögum. Af samtals 1.029,5 m.kr. lækkun á fjárheimildum aðila vegna ríkistekjufrávika eru 948,7 m.kr. eða 92% á þessum fimm fjárlagaliðum. Nánara yfirlit um breytingar á fjárheimildum einstakra stofnana og verkefna vegna frávíka markaðra skatttekna og annarra rekstrartekna stofnana samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings frá fjárlögum og fjáraukalögum er í sundurliðun 1 í frumvarpinu.



## Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til niðurfellingar á fjárheimildastöðum í árslok. Eins og jafnan áður er gert ráð fyrir að fjárheimildastöður falli niður á liðum þar sem útgjöldin eru lögbundin og fela einnig í mörgum tilvikum í sér tiltekin bótaréttindi einstaklinga þannig að útgjöldum verður ekki stýrt innan ársins nema með breytingu á viðkomandi lögum. Sama gildir um liði þar sem útgjöldin lúta fremur hagrænum eða kerfislægum þáttum en ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila. Einnig eru felldar niður stöður viðfangsefna þar sem verkefnum er lokið svo sem stöður einstakra viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna þar sem framkvæmdum er lokið. Nánari útlistun á forsendum niðurfellingartillagna er í viðmiðunarreglum um ráðstafanir á árslokastöðum fjárheimilda sem lýst er framar í þessum athugasemdum í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*. Alls er gert ráð fyrir að á rekstrargrunni falli niður 33,5 mia.kr. neikvæð fjárheimildastaða. Á greiðslugrunni fellur hins vegar niður 16,5 mia.kr. jákvæð staða.

Stærstur hluti af þessum mun milli rekstrargrunns og greiðslugrunns á niðurfelldum stöðum kemur fram á tveimur liðum hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem niður falla há umframgjöld vegna reikningshaldslegra gjaldfærslna í ríkisreikningi án þess að gjaldfærslurnar hafi haft í för með sér greiðslur úr ríkissjóði á árinu. Þar er annars vegar um að ræða 27 mia.kr. umframgjöld á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, sem að stærstum hluta rekur sig til hækkana á skuldbindingum við B-deild LSR umfram greiðslur ríkissjóðs á árinu, og hins vegar 21 mia.kr. umframgjöld á liðnum *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár*, en þar af er 20,5 mia.kr. niðurskrift á bókfærðu virði eignarhlutar ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands vegna tapreksturs bankans á árinu.

Niðurfelldar stöður skiptast nánar tiltekið í samtals 18,8 mia.kr. afgangsheimildir og 52,3 mia.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða.

Hæstu afgangsheimildir sem falla niður eru 7.907,8 m.kr. á liðnum *09-721 Fjármagnstekjuskattur*; 5.842,5 m.kr. á liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld*; 1.300 m.kr. á liðnum *08-860 Íbúðalánasjóður*; 1.034,2 m.kr. á liðnum *08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður* og 601,8 m.kr. á liðnum *08-854 Fæðingarorlof*. Á þessum fimm fjárlagaliðum falla niður tæplega 16,7 m.kr. afgangsheimildir, eða um 89% allra niðurfelldra afgangsheimilda samkvæmt þessu frumvarpi.

Hæstu umframgjöld sem falla niður eru -27.037,4 á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*; -21.107,1 m.kr. á liðnum *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár*; -685,6 m.kr. á liðnum *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*; -652,6 m.kr. á liðnum *09-711 Afskriftir skattkrafna* og -416,9 m.kr. á liðnum *08-204 Lífeyristryggingar*. Á þessum fimm fjárlagaliðum falla niður samtals 49,9 mia.kr. umframgjöld, eða um 95% allra niðurfelldra umframgjalda samkvæmt þessu frumvarpi.

Við er til skýringa í ríkisreikningi og í ársskýrslum einstakra stofnana um ástæður fyrir ónýttum fjárheimildum eða útgjöldum umfram fjárheimildir. Umfjöllun um helstu frávik reikningsfærðra útgjalda frá fjárheimildum er einnig að finna framar í þessum

athugasemdom í kaflanum: *Staða fjárheimilda í árslok*. Nánara yfirlit um niðurfelldar fjárheimildastöður er í sundurliðun 2 í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>Samtals öll ráðuneyti</b>	<b>32.204,6</b>	<b>-21.111,6</b>	<b>-1.285,5</b>	<b>10.047,6</b>	<b>19.855,1</b>
<b>00.Æðsta sjórn ríkisins</b>	<b>532,8</b>	<b>-165,1</b>	<b>23,7</b>	<b>-80,3</b>	<b>311,1</b>
<b>00-101 Embætti forseta Íslands</b>	<b>-3,3</b>	<b>-0,1</b>	<b>2,1</b>		<b>-1,3</b>
101-1.01 Almennur rekstur	-24,4	-0,1			-24,5
101-1.81 Opinberar heimsóknir	21,1				21,1
101-5.20 Laufásvegur 72, viðhald			2,1		2,1
<b>00-201 Alþingi</b>	<b>437,2</b>	<b>-163,8</b>	<b>21,6</b>	<b>-8,5</b>	<b>286,5</b>
201-1.01 Alþingiskostnaður	161,3	-10,1			151,2
201-1.03 Fastanefndir	32,6				32,6
201-1.04 Alþjóðasamtarf	20,9	-0,4			20,5
201-1.06 Almennur rekstur	208,8	-144,4			64,4
201-1.07 Sérverkefni	19,8	-8,9			10,9
201-1.10 Rekstur fasteigna	-6,2				-6,2
201-5.20 Fasteignir			21,6		21,6
201-6.01 Tæki og búnaður				-8,5	-8,5
<b>00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit</b>				<b>-71,8</b>	<b>-71,8</b>
205-6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit				-71,8	-71,8
<b>00-291 Rannsóknarnefndir Alþingis</b>	<b>12,0</b>				<b>12,0</b>
291-1.01 Rannsóknarnefndir Alþingis	12,0				12,0
<b>00-610 Umboðsmaður Alþingis</b>	<b>41,5</b>	<b>-0,6</b>			<b>40,9</b>
610-1.01 Umboðsmaður Alþingis	41,5	-0,6			40,9
<b>00-620 Ríkisendurskoðun</b>	<b>45,4</b>	<b>-0,6</b>			<b>44,8</b>
620-1.01 Ríkisendurskoðun	45,4	-0,6			44,8

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>01 Forsætisráðuneyti</b>	<b>30,7</b>	<b>72,2</b>	<b>33,3</b>	<b>398,6</b>	<b>534,8</b>
<b>01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa</b>	<b>3,7</b>	<b>42,1</b>			<b>45,8</b>
101-1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	3,7	42,1			45,8
<b>01-111 Húsameistari ríkisins</b>	<b>-6,7</b>		<b>7,9</b>		<b>1,2</b>
111-1.01 Húsameistari ríkisins	-6,7		7,9		-6,7
111-5.21 Viðhald fasteigna			7,9		7,9
<b>01-190 Ýmis verkefni</b>	<b>-31,0</b>	<b>60,1</b>			<b>29,1</b>
190-1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,1				2,1
190-1.18 Sjórnarskráarnefnd	2,9				2,9
190-1.19 Efnahagsrannsóknir	0,4	0,7			1,1
190-1.59 Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna	0,3				0,3
190-1.90 Ýmis verkefni	-36,7	59,4			22,7
<b>01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins</b>	<b>-1,3</b>			<b>22,5</b>	<b>21,2</b>
203-1.01 Almennur rekstur	-1,3				-1,3
203-6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins				22,5	22,5
<b>01-241 Umboðsmaður barna</b>	<b>3,3</b>				<b>3,3</b>
241-1.01 Umboðsmaður barna	3,3				3,3
<b>01-253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn</b>	<b>-1,1</b>	<b>2,2</b>			<b>1,1</b>
253-1.01 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-1,1	2,2			1,1
<b>01-261 Óbyggðanefnd</b>	<b>2,4</b>				<b>2,4</b>
261-1.01 Óbyggðanefnd	2,4				2,4
<b>01-271 Ríkislögmaður</b>	<b>28,6</b>				<b>28,6</b>
271-1.01 Ríkislögmaður	28,6				28,6

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>01-311 Þjóðminjasafn Íslands</b>	-21,2	34,4	10,5		23,7
311-1.01 Þjóðminjasafn Íslands	-21,2	34,4			13,2
311-5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins			10,5		10,5
<b>01-321 Minjastofnun Íslands</b>	54,1	-49,7			4,4
321-1.01 Minjastofnun Íslands	54,1	-49,7			4,4
<b>01-322 Fornminjasjóður</b>				6,8	6,8
322-6.10 Fornminjasjóður				6,8	6,8
<b>01-323 Húsafríðunarsjóður</b>				35,5	35,5
323-6.10 Húsafríðunarsjóður				35,5	35,5
<b>01-401 Hagstofa Íslands</b>	44,2	1,7			45,9
401-1.01 Hagstofa Íslands	44,2	1,7			45,9
<b>01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum</b>	-44,3	-18,6	14,9	333,8	285,8
902-1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-44,3	-18,6			-62,9
902-5.01 Fasteignir			14,9		14,9
902-6.01 Nýframkvæmdir				333,8	333,8
<b>02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti</b>	10,415,2	-8,188,0	-356,1	1,203,8	3,074,9
<b>02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa</b>	-126,3	129,2			2,9
101-1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-126,3	129,2			2,9
<b>02-201 Háskóli Íslands</b>	7,699,7	-6,149,3	-377,0	-681,2	492,2
201-1.01 Háskóli Íslands					1,550,4
201-5.50 Fasteignir	7,699,7	-6,149,3			-377,0
201-6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup			-377,0		-681,2
<b>02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum</b>	5,4	-0,8			4,6
202-1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	5,4	-0,8			4,6

### Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-203</b> <b>Rauvísindastofnun Háskólans</b>	742,6	-643,4			99,2
203-1.01 Rauvísindastofnun Háskólans	742,6	-643,4			99,2
<b>02-209</b> <b>Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</b>	3,9	-24,0			-20,1
209-1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	3,9	-24,0			-20,1
<b>02-210</b> <b>Háskólinn á Akureyri</b>	112,9	-91,8			21,1
210-1.01 Háskólinn á Akureyri	112,9	-91,8			21,1
<b>02-216</b> <b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>	6,5	1,1			7,6
216-1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	6,5	1,1			7,6
<b>02-217</b> <b>Hólabólí - Háskólinn á Hólum</b>	-26,6	-20,4	3,9		-43,1
217-1.01 Hólabólí - Háskólinn á Hólum	-26,6	-20,4	3,9		-47,0
217-5.01 Viðhald fasteigna			3,9		3,9
<b>02-227</b> <b>Háskólinn í Reykjavík</b>	-0,2				-0,2
227-1.01 Háskólinn í Reykjavík	-0,2				-0,2
<b>02-231</b> <b>Rannsóknamiðstöð Íslands</b>	-318,8	288,8			-30,0
231-1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	-100,4	-2,9			-103,3
231-1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	-218,4	291,7			73,3
<b>02-235</b> <b>Markáætlun á sviði vísinda og tækni</b>				431,3	431,3
235-6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni				431,3	431,3
<b>02-236</b> <b>Rannsóknasjóður</b>				520,5	520,5
236-6.60 Rannsóknasjóður				520,5	520,5
<b>02-238</b> <b>Innvíðasjóður</b>				-15,3	-15,3
238-6.60 Innvíðasjóður				-15,3	-15,3

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Víðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, víðhald og stofnkostnaður</b>					
269-5.21 Víðhald			3,6	-1,5	2,1
269-6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum			3,6	-1,5	3,6
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>858,0</b>	<b>-778,4</b>			<b>79,6</b>
299-1.15 Nýsköpunarsjóður		0,1			0,1
299-1.33 Fræða- og þekkingarsetur	79,5	-78,3			1,2
299-1.80 Vísindastarfsemi	23,1	-14,7			8,4
299-1.90 Háskólastarfsemi	755,4	-685,5			69,9
<b>02-301 Menntaskólinn í Reykjavík</b>	<b>19,5</b>	<b>-5,3</b>			<b>14,2</b>
301-1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	19,5	-5,3			14,2
<b>02-302 Menntaskólinn á Akureyri</b>	<b>12,6</b>	<b>-0,6</b>			<b>12,0</b>
302-1.01 Menntaskólinn á Akureyri	12,6	-0,6			12,0
<b>02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni</b>	<b>21,1</b>	<b>-5,0</b>			<b>16,1</b>
303-1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	21,1	-5,0			16,1
<b>02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	<b>5,4</b>	<b>-5,3</b>			<b>0,1</b>
304-1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,4	-5,3			0,1
<b>02-305 Menntaskólinn við Sund</b>	<b>-41,1</b>	<b>-0,1</b>			<b>-41,2</b>
305-1.01 Menntaskólinn við Sund	-41,1	-0,1			-41,2
<b>02-306 Menntaskólinn á Ísafirði</b>	<b>-2,4</b>	<b>-14,6</b>			<b>-17,0</b>
306-1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	-2,4	-14,6			-17,0
<b>02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum</b>	<b>13,1</b>	<b>-4,2</b>			<b>8,9</b>
307-1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	13,1	-4,2			8,9
<b>02-308 Menntaskólinn í Kópavogi</b>	<b>22,2</b>	<b>-4,1</b>			<b>18,1</b>
308-1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	22,2	-4,1			18,1

### Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	9,7				9,7
309-1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	9,7				9,7
<b>02-316 Fasteignir framhaldsskóla</b>	189,1	-136,3	13,4		66,2
316-1.05 Fasteignir skóla	189,1	-136,3			52,8
316-5.21 Viðhald			13,4		13,4
<b>02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður</b>				777,7	777,7
318-6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík				362,8	362,8
318-6.01 Menntaskólinn í Reykjavík				19,6	19,6
318-6.57 Fjölbrotaskóli Suðurlands				129,5	129,5
318-6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt				255,2	255,2
318-6.95 Tæki og búnaður, óskipt				10,6	10,6
<b>02-319 Framhaldsskólar, almennt</b>	1.985,9	-1.905,4			80,5
319-1.11 Sameiginleg þjónusta	53,8	-54,2			-0,4
319-1.12 Orlof kennara	52,0	-54,0			-2,0
319-1.14 Sérkennsla	-16,3	18,3			2,0
319-1.15 Prófkostnaður	-2,1	-0,1			-2,2
319-1.16 Nýjungar í skólastarfi	266,6	-256,2			10,4
319-1.17 Námskrárgerð	34,1	-31,6			2,5
319-1.18 Námsfnisgerð	581,9	-576,2			5,7
319-1.21 Nám tannmiða	31,4	-30,9			0,5
319-1.23 Raungræna- og nýsköpunarkeppnir		0,1			0,1
319-1.26 Verkefnasjóður skólasaminga	6,1	28,1			34,2
319-1.30 Endurmenntun	-58,0	71,0			13,0
319-1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi	249,9	-250,0			-0,1
319-1.39 Nám í listdansi	26,4	-24,0			2,4
319-1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	171,2	-166,1			5,1
319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt	588,9	-579,6			9,3



## Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti</b>	-7,3	-0,3			-7,6
350-1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-7,3	-0,3			-7,6
<b>02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla</b>	41,8	-42,0			-0,2
351-1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	41,8	-42,0			-0,2
<b>02-352 Flensborgarskóli</b>	-65,3	-1,1			-66,4
352-1.01 Flensborgarskóli	-65,3	-1,1			-66,4
<b>02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja</b>	18,8	-5,0			13,8
353-1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	18,8	-5,0			13,8
<b>02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands</b>	38,0	-1,9			36,1
354-1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	38,0	-1,9			36,1
<b>02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum</b>	21,4	-0,7			20,7
355-1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	21,4	-0,7			20,7
<b>02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra</b>	-16,3	-0,1			-16,4
356-1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-16,3	-0,1			-16,4
<b>02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands</b>	73,7	-0,4			73,3
357-1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	73,7	-0,4			73,3
<b>02-358 Verkmennaskóli Austurlands</b>	14,9	-13,7			1,2
358-1.01 Verkmennaskóli Austurlands	14,9	-13,7			1,2
<b>02-359 Verkmennaskólinn á Akureyri</b>	-17,3				-17,3
359-1.01 Verkmennaskólinn á Akureyri	-17,3				-17,3
<b>02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ</b>	22,4	-17,5			4,9
360-1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	22,4	-17,5			4,9
<b>02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu</b>	32,2	-1,7			30,5
361-1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	32,2	-1,7			30,5

### Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík</b>	-10,2	-0,2			-10,4
362-1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	-10,2	-0,2			-10,4
<b>02-363 Framhaldsskólinn á Laugum</b>	-1,6	-0,6			-2,2
363-1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	-1,6	-0,6			-2,2
<b>02-365 Borgarholtsskóli</b>	62,6	-44,5			18,1
365-1.01 Borgarholtsskóli	62,6	-44,5			18,1
<b>02-367 Fjölbautaskóli Snæfellinga</b>	2,6	-1,7			0,9
367-1.01 Fjölbautaskóli Snæfellinga	2,6	-1,7			0,9
<b>02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar</b>	-0,1				-0,1
368-1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	-0,1				-0,1
<b>02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ</b>	-40,3				-40,3
370-1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-40,3				-40,3
<b>02-372 Menntaskólinn á Tröllaskaga</b>	19,5	-2,6			16,9
372-1.01 Menntaskólinn á Tröllaskaga	19,5	-2,6			16,9
<b>02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra</b>	-11,8				-11,8
430-1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra	-11,8				-11,8
<b>02-451 Framhaldsfræðsla</b>	14,4	-5,6			8,8
451-1.11 Framhaldsfræðsla, almennt	14,4	-5,6			8,8
451-1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	-4,8	9,8			5,0
	19,2	-15,4			3,8
<b>02-504 Tækniskólinn</b>	1,6				1,6
504-1.01 Tækniskólinn	1,6				1,6
<b>02-519 Vinnustaðanámssjóður</b>	-10,6	7,1			-3,5
519-1.10 Vinnustaðanámssjóður	-10,6	7,1			-3,5

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-551</b>	<b>Hússtjórnarskólinn Hallormsstað</b>	-4,4			-4,4
551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-4,4			-4,4
<b>02-581</b>	<b>Verslunarskóli Íslands</b>	1,6			1,6
581-1.01	Verslunarskóli Íslands	1,6			1,6
<b>02-720</b>	<b>Grunnskólar, almenn</b>	<b>212,5</b>	<b>-212,0</b>		<b>0,5</b>
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	195,0	-194,3		0,7
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhaða fyrir ljósritun á	17,5	-17,7		-0,2
<b>02-723</b>	<b>Menntamálastofnun</b>	<b>-3,3</b>	<b>17,2</b>		<b>13,9</b>
723-1.01	Menntamálastofnun	-3,3	17,2		13,9
<b>02-872</b>	<b>Lánasjóður íslenskra námsmanna</b>	<b>-745,7</b>	<b>743,7</b>		<b>-2,0</b>
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-745,7	743,7		-2,0
<b>02-903</b>	<b>Þjóðskjalasafn Íslands</b>	<b>-46,7</b>	<b>44,1</b>		<b>-2,6</b>
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-46,6	41,1		-5,5
903-1.11	Héraðskjalasöfn	-0,1	3,0		2,9
<b>02-905</b>	<b>Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn</b>	<b>-409,1</b>	<b>437,5</b>		<b>28,4</b>
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-409,1	437,5		28,4
<b>02-906</b>	<b>Listasafn Eimars Jónssonar</b>	<b>6,4</b>	<b>-3,9</b>		<b>2,5</b>
906-1.01	Listasafn Eimars Jónssonar	6,4	-3,9		2,5
<b>02-907</b>	<b>Listasafn Íslands</b>	<b>-8,8</b>			<b>-8,8</b>
907-1.01	Listasafn Íslands	-10,5			-10,5
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	-0,6			-0,6
907-1.03	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	2,3			2,3

### Breytingar á fjárveitingum ársins 2017 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2016

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
<b>02-908</b> Kvikmyndasafn Íslands	-38,3	34,5			-3,8
908-1.01 Kvikmyndasafn Íslands	-38,3	34,5			-3,8
<b>02-909</b> Hljóðbókasafn Íslands	-6,9	13,2			6,3
909-1.01 Hljóðbókasafn Íslands	-6,9	13,2			6,3
<b>02-911</b> Náttúruminjasafn Íslands	2,0	-2,6			-0,6
911-1.01 Náttúruminjasafn Íslands	2,0	-2,6			-0,6
<b>02-913</b> Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	7,6	-0,1			7,5
913-1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	7,6	-0,1			7,5
<b>02-918</b> Safnasjóður	42,4	-38,4			4,0
918-1.10 Safnasjóður	42,4	-38,4			4,0
<b>02-919</b> Söfn og menningarminjar	-7,1	17,1			10,0
919-1.90 Styrkir á sviði menningararfs	-7,1	17,1			10,0
<b>02-961</b> Fjölmíðlanaefnd	4,2				4,2
961-1.01 Fjölmíðlanaefnd	4,2				4,2
<b>02-965</b> Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	39,4				39,4
965-1.01 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	39,4				39,4
<b>02-969</b> Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður				171,1	171,1
969-6.21 Endurbætur menningarstofnana				29,5	29,5
969-6.82 Geymsluhúsnæði safna				139,4	139,4
969-6.96 Stofnstyrkir til safna				2,2	2,2
<b>02-971</b> Ríkisútvarpið	5,3				5,3
971-1.10 Ríkisútvarpið	5,3				5,3

